

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um innleiðingu farsældarlaga

Ábyrgðaraðilar

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Ábyrgðaraðilar styðja við innleiðingu innan sinna starfssviða og sveitarfélaga og tryggja tengingu stýrihópsins við viðeigandi stjórnendur, starfsfólk og samstarfsaðila.

Hlutverk hópsins

Stýrihópur um innleiðingu farsældarlaga hefur það hlutverk að leiða, samræma og fylgja eftir innleiðingu farsældarlaga á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks bs. (SVÁ).

Hópurinn skal stuðla að því að innleiðingin verði samræmd, markviss og sjálfbær og að hún leiði til þess að börn og fjölskyldur fái samþætta, aðgengilega og samfellda þjónustu þegar þörf er á.

Hópurinn hefur sérstaka áherslu á að:

- skapa sameiginlegan skilning á markmiðum og framkvæmd farsældarlaga,
- tryggja skýr hlutverk, ábyrgð og boðleiðir milli þeirra sem koma að þjónustu við börn,
- samræma verklag eftir því sem kostur er milli sveitarfélaga og þjónustustiga,
- tryggja að sjónarmið barna og foreldra séu höfð að leiðarljósi,
- efla samstarf milli skóla, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, frístunda og annarra þjónustuveitenda,
- fylgjast með framvindu innleiðingar og bregðast við hindrunum eða áskorunum sem upp koma.

Helstu verkefni hópsins

Stýrihópurinn skal:

1. **Fylgja eftir aðgerðaráætlun SVÁ um innleiðingu farsældarlaga 2026–2027** og meta reglulega stöðu einstakra aðgerða.
2. **Kortleggja stöðu innleiðingar** í sveitarfélögunum og á helstu þjónustustigum og leggja til forgangsörðun þar sem þörf er á.

3. **Móta og samræma verklag** um hlutverk tengiliða, málstjóra, stuðningsteyma og annarra sem koma að samþættingu þjónustu.
4. **Skilgreina sameiginlegan feril barns** innan þjónustunnar, frá því að þörf eða áhyggjur koma fram þar til samþætt þjónusta og eftirfylgd hefur verið tryggð.
5. **Styðja við fræðslu og miðlun upplýsinga** til starfsfólks, stjórnenda, foreldra og annarra samstarfsaðila.
6. **Fylgjast með því að verkfæri, eyðublöð og verklagsreglur** sem notuð eru við innleiðinguna séu skýr, aðgengileg og samræmd.
7. **Tryggja samstarf milli þjónustustiga og stofnana** og stuðla að skýrum boðleiðum þegar mál kalla á aðkomu fleiri en eins þjónustuaðila.
8. **Fjalla um áskoranir og hindranir** í innleiðingunni og leggja til lausnir eða breytingar þegar við á.
9. **Fylgjast með gæðum innleiðingarinnar** og leita eftir endurgjöf frá starfsfólki, börnum og foreldrum eftir því sem við á.
10. **Undirbúa lokamat á innleiðingunni** og gera tillögur að áframhaldandi þróun og nýjum markmiðum fyrir tímabilið 2027–2028.

Skipan stýrihóps

Formaður:

Hallur Símonarson, forstöðumaður SVÁ

Verkefnisstjóri:

Sigrún Helgadóttir, málstjóri farsældar hjá SVÁ

Aðrir í stýrihópi:

- Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri Flúðaskóla
- Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar, Flóahreppi
- Matthildur Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu í Leikholti, SkogG
- Óttar Guðlaugsson, heilsu- og tómstundafulltrúi GOGG
- Ragnheiður Hilmarsdóttir, umsjónarmaður frístundar Laugavatni

Til ráðgjafar

Stýrihópurinn getur leitað til sérfræðinga og samstarfsaðila eftir því sem verkefni hópsins krefjast m.a. má nefna.

Heilsugæsla:

Bjarney Vignisdóttir

Samfélagslögregla:

Ellert Geir Ingvarsson

Ráðgjafar taka þátt í störfum hópsins eftir þörfum og geta komið á fundi, veitt faglega ráðgjöf eða tekið þátt í afmörkuðum verkefnum.

Formaður og verkefnisstjóri

Formaður ber ábyrgð á því að boða fundi, stýra starfi hópsins og tryggja að verkefni hans séu í samræmi við markmið SVÁ og aðgerðaráætlun um innleiðingu farsældarlaga.

Verkefnisstjóri heldur utan um daglegan framgang verkefnisins, undirbýr fundi í samráði við formann, fylgir eftir ákvörðunum og heldur utan um gögn, aðgerðaráætlun og stöðu einstakra verkefna.

Starfshættir

Stýrihópurinn fundar að jafnaði **mánaðarlega**, eða oftar ef þörf krefur.

Fundir skulu byggjast á skýrri dagskrá og eftirfylgd með þeim verkefnum sem hópurinn hefur tekið að sér.

Á hverjum fundi skal eftir því sem við á fara yfir:

- stöðu aðgerðaáætlunar,
- verkefni sem eru í vinnslu,
- áskoranir og hindranir,
- næstu skref og aðgerðaraðila,
- atriði sem þarf að vísa til stjórnar SVÁ eða annarra stjórnvalda.

Verkefnisstjóri heldur utan um fundargerðir og eftirfylgd verkefna.

Ákvarðanataka

Stýrihópurinn er samráðsvettvangur um innleiðingu farsældarlaga og leggur tillögur og ábendingar fyrir viðeigandi stjórnendum og stjórn SVÁ þegar ákvörðun eða formlegt samþykki er nauðsynlegt.

Hópurinn tekur ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem honum hafa verið falin innan samþykktra marka.

Starfstímabil og skil

Stýrihópurinn starfar frá **september 2026 til ágúst 2027**.

Í lok starfstímabilsins skal hópurinn leggja fram: 1. samantekt á helstu verkefnum og árangri innleiðingar, 2. mat á því sem hefur tekist vel og því sem þarfnast frekari vinnu, 3. tillögur að breytingum á verklagi, 4. tillögur að nýjum markmiðum og aðgerðum fyrir tímabilið 2027–2028.

Lokaskýrsla verði lögð fyrir stjórn SVÁ.

Tengsl við aðgerðaráætlun SVÁ

Stýrihópurinn vinnur samkvæmt **Aðgerðaráætlun SVÁ um innleiðingu farsældarlaga 2026–2027**.

Aðgerðaráætlunin er lifandi vinnuskjal og stýrihópurinn fylgist með stöðu hennar, metur framvindu og leggur til breytingar þegar þörf er á.

Árnessýsla, _____ 2026

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir

Sylvía Karen Heimisdóttir